

## Skrá 27. Leikföng

### **Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins.**

#### **27. Spurningaskrá.**

##### **Inngangur.**

Þessi spurningaskrá leitar að fróðleik um leikföng og leikfangaleiki miðað við eldri, íslenskar aðstæður. Efni þetta er enn lítt kannað, og mikið skortir á, að það liggi fyrir í prentuðu eða rituðu máli. Ljóst er þó, að leikföng hafa ekki verið hin sömu um land allt og að sami hlutur hefur ekki hvarvetna gegnt sama hlutverki í leikjum barna.

Enn munu dæmi þess, að börn iðki t.d. búskaparleiki með gömlum hætti, þar sem bein húsdýra m.a. gegna hlutverki búpenings. Þjóðhátadeildinni væri mikilsvert og kærkomið að fá myndir af slíkum búum eða myndir af leik barna við þau. Enda þótt það sé ekki tekið fram um hvert einstakt atriði, þá væri æskilegt að fá lýsingar á leikjum, sem bundnir voru hinum ýmsu leikföngum.

##### **Leikföng, barnagull.**

Hvaða orðum var almennt farið um þá hluti, sem börn undu við í leikjum (leikföng, barnagull, t.d)? Gengu hirslur, sem leikföng voru varðveitt í, undir ákveðnum nöfnum (gullastokkur t.d.)?

##### **Bein sem leikföng.**

Lýsið, hvernig bein húsdýra voru notuð í barnaleikjum. Segið frá heitum beina. Lýsið, hvaða hlutverki, hvert einstakt bein gegndi, a) bein úr sauðfé, b) geitfé, c) nautpeningi, d) hrossum. Voru bein notuð sem leikföng öðruvísi en sem tákn ákveðinna dýra (í hleðslur, leggjalaupur o.s.frv.)? Voru bein sjávardýra, svo sem sela og hvala, notuð í leikjum og þá á hvern hátt? Voru fiskbein notuð óunnin til leikja (kellingaprjónar eða baulubein t.d.)? Lýsið því. Lýsið leikföngum, sem tálguð voru úr ýsubeinum eða öðrum beinum. Segið frá nöfnum þeirra og leikjum með þau.

Voru bein eða fjaðrir fugla notuð í leikjum? Hvernig?

##### **Skeljar, kuðungar, o.fl.**

Hvaða skeljar voru notaðar í leikjum barna (nöfn skelja og lýsing þeirra)?

Hvaða hlutverki gegndi hver einstök tegund í leikjum?

Segið frá kuðungum sem leikföngum, einstökum tegundum þeirra og notum í leikjum. Lýsið öðru frá sjávarlífi, sem notað var í barnaleikjum (Péturspungur eða Pétursskip, þönglar o.s.frv.).

##### **Gróður jarðar, leikföng úr tré.**

Lýsið, hvernig einstakar tegundir af gróðri jarðar voru notaðar sem leikföng eða í leikjum (blómfestar, skyrsíur úr stráum, lokasjóður sem peningar, strá sem blístrur, starkóngur og stardrottning úr stráum o.s.frv.). Lýsið verklagi og leikjum.

Lýsið hlutum, sem smíðaðir voru úr tré til leikfanga. Voru mannlíkön (spýtukallar) smíðuð úr tré (sprellikallar, sögunarstrákar t.d.)? Hvernig var leik með þau háttað? Voru líkön dýra, fugla eða fiska smíðuð úr tré til leikfanga? Lýsið þeim. Voru skips- eða bátalíkön smíðuð til leikja? Lýsið smíði, bátgerð, stýri, möstrum, seglabúnaði og öðru, er efnið varðar. Voru e.t.v. einnig smíðaðir sjómenn (spýtukallar) á leikbáta barna?

Lýsið öðrum leikföngum smíðuðum úr tré (rella eða erill, skopparakringla, þeytisþjald, bogi, gaflok eða píla o.s.frv.).

**Leikföng úr málmum.**

Voru börnum smíðuð leikföng úr málmum önnur en gestaprautir t.d.? Lýsið því.

**Steinar.**

Áttu börn leiki með smásteinum? Voru litfagrir steinar e.t.v. bornir til bæja í þeim tilgangi? Segið frá leikjum með þá.

**Brúður og brúðurúm.**

Lýsið heimatilbúnum brúðum (dúkkum), fötum þeirra og brúðurúmum. Segið frá leikjum með þær.

**Búskaparleikir.**

Lýsið búum og búskaparleikjum barna. Hafið þetta m.a. í huga: Leiksvæði, lýsing húsa og fyrirkomulag (íveruhús fólks, peningshús, hlöður o.s.frv), réttir, kvíar, tún, úthagi o.s.frv. Lýsið merkingum gripa og hvernig gripum var fyrir komið í húsum, réttum eða á beit. Lýsið beislum, reiðverum, klyfjabúnaði og öðru, er það efni varðar. Lýsið fóðuröflun og öðrum störfum við bú barna um ársins hring. Lýsið á hvern hátt þetta var breytilegt, t.d. miðað við það, hvort búfénaður barna var bein húsdýra eða skeljar. Hvernig var búið um þennan búfénað barna á vetrum?

Lýsið, hvernig búskaparleikjum barna var háttað í fjölbýli. Lýsið samstarfi barna í búskaparleikjum. Iðka börn enn slíka leiki með gömlum hætti? Lýsið breytingum, sem á þessu hafa orðið.

Lýsið leikjum barna með leikföng innan bæjar (á baðstofugólfi t.d.).

**Sjávarútvegur.**

Áttu börn sér leiki, sem beindust að útgerð og sjósókn? Lýsið aðstæðum við þá leiki (skip, naust, áhöld og annað, er efnið varðar).

**Annað efni.**

Lýsið öðru, sem efnið varðar. Gerið sérstaklega grein fyrir því, hversu leikir og leikföng tóku breytingum eftir því, sem aldur og þroski barnsins óx. Segið frá leikjum barna á fönnum og svellum (snjóhús, snjókall, snjókelling, brun á fönnum á fjöllum, gödduðum torfum o.s.frv.). Skrifðið vísur, þulur, málshætti og annað, sem menn muna varðandi leiki barna og leikföng.

**Útlend leikföng.**

Hvenær fara útlend leikföng að koma að marki til sögunnar í leikjum barna.